

100

5. okt.

skiftir máli, er í því einu fólgin að heimila frestun á samningi fræðslusamþykta tveimur árum lengur en upphaflega var ákveðið, en að framkvæmd fræðslulaganna hafi að öðru leyti ekki verið frestað. Af þessu leiðir þá það, að fræðslunefndirnar hafa bæði rjett og skyldu til þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að kröfum fræðslulaganna verði fullnægt, eins þar sem fræðslusamþykkt hefir ekki verið samin nje staðfest. Þær eru samkvæmt fræðslulögunum kjörnar til að hafa eftirlit með fræðslumálum hjeradsins, og á þeim hvilir ábyrgðin á því, að börnin sýni það við vorprófin, að þau hafi náð því fræðslumarki, sem lögin setja. Þær hafa því að sjálfsögðu rjett og skyldu til þess samkvæmt 30. gr. fræðslulaganna að afhenda hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert, og getur hreppsnefndin ekki leitt hjá sér að veita úr hreppssjóði það fje, sem fræðslunefnd getur fært rök fyrir að nauðsynlegt sje til að fullnægja kröfum fræðslulaganna — alveg án tillits til þess, hvort fræðslusamþykkt hefir verið staðfest fyrir fræðsluhjeradið eða eigi.

- Ad 3. Samkvæmt 14. gr. B. VIII b. 2 í fjárlögunum fyrir árin 1910 og 1911 er heimild til í þeim hjeruðum, þar sem fræðslusamþykktir hafa ekki verið settar, að veita nokkurn styrk, alt að 100 kr., til farkenslu, þótt hún uppfylli ekki allar kröfur fræðslulaganna, en til þess að geta átt von á nokkrum styrk, verða að liggja fyrir skirteini fyrir því, að farkennarinn hafi verið ráðinn af fræðslunefnd og að kensla barnanna á aldrinum 10—14 ára hafi verið kostuð af sveitarsjóði, en ekki af aðstandendum barnanna.

Þetta er yður, herra umsjónarmaður, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

## 101 Brjef stjórnarráðsins til biskups um niðurlagning Holtskirkju

14. okt. í Fljótum.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og löglegri ályktun hjeradsfundarins í Skagafjarðarprófastsdæmi 17. júní 1909, skal stjórnarráðið samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 1. þ. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til, að Holtskirkja í Fljótum leggist niður og skiftist sóknin milli Barðskirkju og Knappstaða, þannig, að fremstu (eða syðstu) bæirnir í hinni stækkuðu Barðssókn verði Bjarnargil austan Fljótsár en Sljetta vestan ár, en ystu bæir hinnar stækkuðu Knappstaðasóknar verði Molastaðir austan ár, en Stórabrekka vestan.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.